

REGLUGERÐ

um (1.) breytingu á reglugerð nr. 1010/2012 um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr.:

- a. Í stað orðsins „Umhverfisstofnun“ í 1. mgr. og hvarvetna þar sem orðið kemur fyrir í reglugerðinni kemur (í viðeigandi beygingarfalli): Umhverfis- og orkustofnun.
- b. Orðin „heilbrigðisnefndir sveitarfélaganna“ í 10. mgr. falla brott.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 13. gr.:

- a. Orðin „og heilbrigðisnefnd“ í 2. mgr. falla brott.
- b. Í stað orðsins „heilbrigðisnefnd“ í 4. mgr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

3. gr.

15. gr. fellur brott.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 16. gr.:

- a. Á undan 1. málsl. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með bráðaaðgerðum og ákveður hvenær árangur af hreinsun er nægilegur.
- b. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Hafi hafnarstjóri óskað eftir því við Umhverfis- og orkustofnun að hún hafi umsjón með frekari hreinsun umhverfis eftir að bráðaaðgerðum lýkur skal hún sjá til þess að hreinsun fari fram.

5. gr.

Í stað orðsins „heilbrigðisnefndar“ í 19. gr. kemur: Umhverfis- og orkustofnun.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 20. gr.:

- a. 1. málsl. 2. mgr. fellur brott.
- b. Orðin „heilbrigðisnefnd eða öðrum“ í 2. málsl. 2. mgr. falla brott

7. gr.

2. málsl. 1. mgr. 21. gr. fellur brott.

8. gr.

Orðin „og skal hann vera starfandi heilbrigðisfulltrúi“ í 1. mgr. 31. gr. falla brott.

9. gr.

Lagastoð, gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í t-lið 6. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Reglugerð þessi öðlast gildi 1. janúar 2027.